



Kveðja frá forseta Íslands

Í hugum þjóðarinnar skartar landið ætíð sínu fegursta. Þar er það grænt og hlýtt, prýtt blómguðum böllum og grænum grundum.

Hinu höldum við lítt á lofti að stór hluti Íslands varð í aldanna rás að eyðimörk, sumpart af manna völdum, uns við blasti sú hin stærsta í gjörvallri Evrópu; svartir sandar, uppblástur og vindskafnir melar.

Hugsjónamenn töldu fyrir hundrað árum nauðsynlegt að hefja andóf, baráttu og viðnám sem í fyrstu var máttlítil vörn en breyttist fljótt í sóknarleik. Elja þeirra sem hófu verkið varð í fyllingu tímans efniviður í þjóðaráttak.

Íslendingar hafa lengur en aðrir unnið skipulega að því að klæða landið nýjum gróðri, skapa frjóar lendur, láta auðnina hopa. Í heila öld hefur landgræðsla átt hér formlegan vettvang, búið að sérstakri stofnun. Það er einstakt í veröldinni. Engin önnur þjóð á svo langa sögu kerfisbundinnar baráttu og vísindastarfs á þessu sviði, rannsókna sem skilað hafa árangri sem nú nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar.

Þegar heimsbyggðin glímir við nýja ógn, breytingar á loftslaginu sem skapað geta stórfelldara tjón en áður hefur þekkt og lagt í rúst lífshættina sem tíðkast víða um veröld er borin fram hin brýna spurning: Hvað er til ráða?

Athyglin beinist í vaxandi mæli að vörninni sem skipulögð landgræðsla getur veitt, að viðnáminu sem nýjar gróðurlendur munu skapa. Þess vegna er reynsla Íslendinga orðin verðmæt auðlind, fjársjóður sem forystufólk og fræðimenn víða um heim vilja nýta sér.

Það er í senn ánægjuefni og vitnisburður um hinn mikla árangur sem sáðmenn íslenskra sanda hafa náð að þegar Landgræðsla ríkisins heldur til móts við aðra öld, skuli fjölmenn alþjóðleg sveit ætla að slást með í för.

Landgræðsla getur orðið burðarás í framlagi Íslands til örlagaríkustu baráttu sem mannkynið hefur háð, björgunarstarfs sem aftrað getur skaðvænlegum breytingum á loftslaginu.

Um leið og þjóðin þakkar hið mikla starf í hundrað ár erum við stolt af því að eiga svo færa framvarðasveit á alþjóðavísu.

(undirskrift)